

REGLUR

um upplýsingaskyldu fjármálafyrirtækja.

1. gr.

Gildissvið.

Reglur þessar gilda um fjármálafyrirtæki sem skylt er að veita upplýsingar samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002.

2. gr.

Upplýsingaskylda fjármálafyrirtækja.

Fjármálafyrirtæki skal birta upplýsingar skv. 8. hluta reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, sbr. 18. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002 með þeim hætti og með þeirri tíðni sem kveðið er á um í reglugerð (ESB) 2021/637, með síðari breytingum, sbr. 3. gr.

3. gr.

Innleiðing reglugerða.

Með vísan til 2. gr. gilda eftirtaldar reglugerðir hér á landi:

1. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/637 frá 15. mars 2021 um tæknilega framkvæmdarstaðla varðandi birtingu upplýsinga sem um getur í II. og III. bálk í 8. hluta reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 og fellir úr gildi framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1423/2013, framselda reglugerð (ESB) 2015/1555, framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/200 og framselda reglugerð (ESB) 2017/2295, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 214/2022 frá 8. júlí 2022.
2. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1018 frá 22. júní 2021 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/637 um tæknilega framkvæmdarstaðla varðandi birtingu vísa sem notaðir eru til að tilgreina kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki á alþjóðavísu og sem fellir úr gildi framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1030/2014, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 214/2022 frá 8. júlí 2022.
3. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/631 frá 13. apríl 2022 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/637 um tæknilega framkvæmdarstaðla varðandi birtingu upplýsinga um áhættuskuldbindingar vegna vaxtaáhættu í stöðum utan veltubókar, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 247/2022 frá 23. september 2022.

Með vísan til heimildar í ákvæði til bráðabirgða III í lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. lög nr. 57/2015, vísar Seðlabanki Íslands til birtingar enskrar útgáfu af reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/637, 2021/1018 og 2022/631 í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins (e. Official Journal of the European Union):

1. <https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/ALL/?uri=CELEX:32021R0637>, birt í OJ deild L, undirdeild R, nr. 136, þann 21. apríl 2021, bls. 1-327;
2. <https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/ALL/?uri=CELEX:32021R1018>, birt í OJ deild L, undirdeild R, nr. 224, þann 24. júní 2021, bls. 6-8;
3. <https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/ALL/?uri=CELEX:32022R0631>, birt í OJ deild L, undirdeild R, nr. 117, þann 19. apríl 2022, bls. 3-10.

4. gr.
Gildistaka.

Reglur þessar, sem settar eru með heimild í 81. tölul. 2. mgr. 117. gr. b laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, öðlast þegar gildi. Við gildistöku þeirra falla úr gildi reglur nr. 1460/2021 um upplýsingaskyldu fjármálafyrirtækja.

Seðlabanka Íslands, 22. desember 2022.

Ásgeir Jónsson
seðlabankastjóri.

Rannveig Júníusdóttir
framkvæmdastjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 6. janúar 2023